

Vinnustofur um BA-/BS-ritgerðir

Vormisseri 2019

Dagbjört Guðmundsdóttir, dag26@hi.is

Hinrik Hafsteinsson, hih43@hi.is



Ritver Hugvísindasviðs

- Ritver Hugvísindasviðs veitir öllum nemendum HÍ aðstoð við stórar og smáar ritsmíðar (ritgerðir, námskeiðsverkefni, skýrslur, lokaverkefni o.s.frv.).
- Allir nemendur Háskóla Íslands geta pantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu.
- Ritverjar veita aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, uppbyggingu, mál og stíl, heimildamat, heimildatilvísanir, frágang, útlit og fleira
- Ritverið er á 2. hæð í Þjóðarbókhöllu
- Nánari upplýsingar á <http://ritverhug.hi.is/> og á Facebook-síðu ritversins

Skipulag vinnustofu

(Þriðjudaga kl. 11:40-13:10 / Fimmtudaga kl. 15:00-16:30)

- Fyrsti fundur, 16. janúar/18. janúar
 - Reglur um BA-/BS-ritgerðir, efnisafmörkun, rannsóknarspurning
- Annar fundur, 6. febrúar/8. febrúar
 - Heimildir: Leit, skráning og mat
- Þriðji fundur, 27. febrúar/1. mars
 - Glíman við textann
- **Fjórði fundur, 20. mars/22. mars**
 - Frágangur, yfirlestur, sniðmát

Viðfangsefni dagsins

- Ágrip
- Frágangur
 - Samræming
 - Kafla- og greinaskil
 - Leturbreytingar og fyrirsagnir
 - Neðanmálsgreinar, dæmi, töflur og fleira í þeim dúr
- Yfirlestur
 - Handritalestur og prófarkalestur
- Sniðmát
 - Eftir sviðum og deildum
- Spurningar og umræður

ÁGRIP

Ágrip

- Öllum BA/BS ritgerðum fylgir ágrip á íslensku (stundum kallað útdráttur, á ensku *abstract*)
- Ágripnið geymir efni verkefnisins í hnotskurn, allt það mikilvægasta sem máli skiptir - en stutt og laggott (100-300 orð)
- Ágrip þarf að vera nákvæmt og vel samið
- Ágrip birtist með titli ritgerðarinnar í *Skemmu*
- Sjá nánar á [vef ritvers Menntavísindasviðs](#) (undir sniðmát fyrir bakkalárritgerðir) og í [bæklingi um fræðileg skrif](#) á sama vef

Ágrip í fimm liðum

- Ágrip er skrifað í einu lagi án greinaskila en gert er ráð fyrir því að það sé í fimm liðum:
- 1. Bakgrunnur verkefnis, fræðilegt eða faglegt samhengi við fyrri þekkingu eða aðstæður á sviðinu.
- 2. Rökstuddur tilgangur verkefnisins eða rökstudd rannsóknarspurning.

Ágrip í fimm liðum

- 3. Aðferð við rannsókn, öflun upplýsinga eða gerð efnis (ef um gerð kennsluefnis er að ræða).
- 4. Mikilvægustu niðurstöður í tölum eða samkvæmt athugunum, settar fram eins nákvæmt og ótvírætt og unnt er í stuttu máli.
- 5. Mikilvægi niðurstaðna eða verkefnis fyrir samfélagið, og að hvaða leyti þær eru nýmæli eða viðbót við fyrri þekkingu.

Ágrip – dæmi 1

- Sigurdrífumál eru eitt þeirra kvæða sem varðveitt eru í hinu forna 13. aldar handriti GKS 2365 4to eða Konungsbók. Sigurdrífumál eru óheil þar vegna hins glataða kvers úr Konungsbókarhandritinu, kvæðið hefur verið alls 37 vísur en í Konungsbók lýkur því í annarri línu 29. vísu. Lok Sigurdrífumála eru hins vegar varðveitt í fjölmörgum yngri pappírshandritum og því ljóst að kvæðið hefur verið skrifað upp áður en kverið týndist. Sophus Bugge og Jón Helgason rannsökuðu varðveislu síðustu vísanna í pappírshandritum fyrir útgáfu sínar á eddukvæðum en hvorugur þeirra kannaði handrit úr safni Landsbókasafns, Lbs 1199 4to, sem á mörg mikilvæg atriði sameiginleg með texta Konungsbókar. Öll rök hníga að því að þetta handrit standi næst þeim texta sem verið hefur í hinu týnda kveri og að auki bendir margt til þess að Lbs 1199 4to sé elsta varðveitta handrit síðustu vísna Sigurdrífumála. Í þessari ritgerð er gerð grein fyrir varðveislu Sigurdrífumála í pappírshandritum og rakið hvers vegna texti Lbs 1199 4to er lagður til grundvallar útgáfu síðustu vísanna.

Ágrip – dæmi 2

- Skoðanir eru að mörgu leyti byggðar á viðhorfum og því hafa viðhorf áhrif á flest, ef ekki öll, svið mannlífsins og þar er tungumálið ekki undanskilið. Með tilkomu félagsmálvísinda hafa rannsóknir málvísindamanna beinst að hinum félagslega þætti tungumálsins og þar geta viðhorf til máls haft mikið að segja. Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að kanna hvernig viðhorf til mismunandi mállýskna hafa áhrif á þróun þeirra og viðgang og hvort skýra megi hvort og þá hvernig fólk breytir máli sínu með hliðsjón af þeim viðhorfum sem eru ríkjandi til mismunandi mállýskna. Í ritgerðinni verður fjallað um gildi viðhorfsrannsókna í tengslum við mál og málafringdi og einnig verður greint frá helstu vandamálum sem fylgja slíkum rannsóknum. Framburður Helga Hrafn Gunnarssonar, formanns Pírata á Íslandi, var skoðaður með það að leiðarljósi hvort greina megi breytingar á framburði hans í tengslum við breytingar á félagslegum aðstæðum hans á síðustu árum. Í ljós kom að breytingar á félagslegum aðstæðum endurspeglast að vissu leyti í framburði hans en í nýlegri ræðu á Alþingi hefur Helgi Hrafn bæði harðmæli og vestfirskan einhljóðaframburð í máli sínu, en bæði þessi framburðareinkenni eru honum ekki eðlislæg. Í ritgerðinni er greint frá þessum ólíku framburðareinkennum og leitast við að skýra stöðu þeirra í íslensku máli út frá viðhorfum til þeirra sem síðan eru sett í samhengi við áður nefndar framburðarbreytingar í máli Helga Hrafn. Ljóst er að viðhorf hafa áhrif á stöðu mállýskna og ólík viðhorf til mismunandi mállýskna geta einnig haft áhrif á það hvernig fólk breytir máli sínu í viðleitni til að móta viðhorf þeirra sem á hlýða.

FRÁGANGUR

Frágangur – samræmi og fleira

- Huga þarf að ýmsum smáatriðum við frágang
- Gæta þarf að samræmi alls staðar, t.d. í
 - fyrirsögnum, hausum,
 - neðanmálgreinum, dæmum,
 - heimildaskrá, tilvísunum,
 - leturstærð, leturgerð, línubili
- Er uppsetning í lagi (útlit á blaðsíðum)?
 - Vantar eitthvað, t.d. blaðsíðutal?
- „Hvað á barnið að heita?“

Frágangur - texti

- Efnisgreinar
 - Hvorki of langar né stuttar (rætt á þriðja fundi)
- Greinamerki (t.d. íslenskar gæsalappir)
 - Ritreglur Íslenskrar málstöðvar (rætt á þriðja fundi)
- Upphaf kafla og greina
 - Meginkaflar byrja venjulega á nýrri síðu
 - Oft byrja kaflar og greinar á hægri síðu
 - Í styttri ritgerðum er nóg að hafa bil á undan fyrirsögn

Upphaf kafla og greina

- Meginkaflar byrja venjulega á nýrri síðu
 - í bókum og löngum ritgerðum
- Oft byrja kaflar og greinar á hægri síðu
 - þá er auðveldara að taka sérprent út úr
- Kaflar í tímaritsgreinum og styttri ritgerðum
 - byrja yfirleitt ekki á nýrri síðu
 - heldur er haft bil (1-2 línur) á undan fyrirsögn
 - oft er líka aukið bil frá fyrirsögn að texta kaflans

Form greinaskila

- Greinaskil eru táknuð með inndrætti í prenti
 - fyrsta lína efnisgreinar inndregin um 2-3 stafbil
- Nú eru greinaskil oft táknuð með auðri línu
 - og þá er enginn inndráttur í fyrstu línu
- Fyrsta lína á eftir fyrirsögn er oft óinndregin
 - inndráttur er óþarfur í upphafi nýs kafla
- Fyrsta lína á eftir tilvitnun er oft inndregin
 - það fer þó eftir samhengi tilvitnunar og texta

Leturbreytingar

- Varast ber að ofnota leturbreytingar
- Feitt letur í texta
 - Notað til áherslu
 - Höfundur vill vekja athygli á einhverju eða leggja áherslu á orð eða fullyrðingu
 - Notað til glöggvunar
 - Hugtök, nöfn, reglur oft feitletruð þegar þau koma fyrst fram eða eru skilgreind
- Skáletur í texta
 - Á máldæmum
 - Í titlum bóka og tímarita
 - Til glöggvunar og áherslu

Fyrirsagnir og hausar

- Kaflafyrirsagnir
 - staða á síðu (miðjaðar eða vinstra megin)
 - leturgerð (fontur; skáletur, feitt letur, hástafir)
 - leturstærð (punktur)
 - tölusetning (númer; arabískar/rómverskar tölur)
 - línubil (bæði ofan og neðan fyrirsagnar)
- Síðuhousar
 - vinstri og hægri haus eru oftast mismunandi

Neðanmálgreinar

- Neðanmálgreinar eru með smærra lettri
 - en meginmál – oft munar tveimur punktum
- Sé þess ekki kostur er línubil oft minna
 - í neðanmálgreinum en í meginmálinu
- Númer neðanmálgreinar í meginmáli
 - á að vera uppskrifað og með smærra lettri
 - standa á eftir punkti, kommu, gæsalöppum o.fl.
 - án punkts bæði í meginmáli og greininni sjálfri

Dæmi, töflur, myndir og viðaukar

- Leturgerð og leturstærð
- Bil milli dæma/taflna/mynda annars vegar og meginmáls hins vegar
- Tölusetning dæma, taflna og mynda
 - Rétt röð, ekkert má vanta
- Hafa hliðstæða uppsetningu sambærilegra dæma/taflna/mynda
- Viðaukar: Hvar og hvernig

YFIRLESTUR

Yfirlestur

- Nauðsynlegur
 - Enginn ætti að skila ritgerð án þess að láta annan lesa yfir
 - Betra einu sinni of oft en of sjaldan...
- Á ýmsum stigum
 - Ritgerð er gott að láta lesa yfir efnislega áður en hún er fullbúin en prófarkalestur er (oftast) nóg að fá í lokin

Handritalestur

- Textinn lesinn yfir á vinnslustigi eða nánast fullbúinn
- Leiðbeinandi les oftast yfir handrit
- Handritalesari gerir athugasemdir við
 - Efni
 - Efnismeðferð
 - Byggingu
 - Málfar
 - Stíl

Prófarkalestur

- Yfirlestur á (nánast) endanlegum texta
- Próförk
- Prófarkalesari gerir athugasemdir við:
 - Stafsetningu
 - Prentvillur
 - Málvillur
 - Lagfærir einnig uppsetningu og línuskiptingu
- Hægt að kaupa prófarkalestur
 - En ekki er gerð krafa um það
 - Mikilvægt að nákvæmni sé gætt
 - Sjá lista á síðu ritvers Menntavísindasviðs um [yfirlesara](#)

SNIDMÁT

Sniðmát – kápa o.fl.:

- Mismunandi reglur eftir deildum/sviðum.
 - Upplýsingar á Uglunni fyrir hvert svið/hverja deild.
- Sniðmát fyrir kápu má finna hér:
http://honnunarstadall.hi.is/ritgerdir_0
- Fyrir önnur sniðmát er hefðbundna leiðin þessi:
 1. Skrá sig inn á Uglu
 2. „Fræðasvið“ (uppi til vinstri)
 3. Viðkomandi svið valið
 4. „Fyrir nemendur“
 5. Viðkomandi deild valin
 6. „Lokaverkefni og ritgerðir“

Að lokum:

Nokkur almenn atriði sem þarf að muna/kanna

- Skiladagur
- Prentun
- Skil í Skemmu
- Sniðmát (sjá framar)
- Hvað á að skila mörgum eintökum?
- Hvert á að skila?
 - Ath. opnunartíma skrifstofu
- Gleymist eitthvað – gátlisti.....?